# SVÖR VIÐ TILLÖGUM FRÁ

## Barnaþingi Kópavogs 2025



### 1 Frítt í strætó fyrir öll börn í Kópavogi

Sem Barnvænt sveitarfélag mun Kópavogsbær skoða og eiga samtal um tillöguna frítt í strætó fyrir börn í Kópavogi.

Í dag er frítt í strætó fyrir börn 12 ára og yngri.

### 2 Göt í stundatöflu í byrjun og lok dags

Almennt eru ekki göt í stundatöflum í grunnskólum Kópavogs.



### 3 Morgunmatur í boði í öllum skólum í Kópavogi

Flestir grunnskólar í Kópavogi bjóða morgunmat. Sem Barnvænt sveitarfélag viljum við skoða leiðir til að tryggja að öll börn fái morgunmat í grunnskólum Kópavogs.

### 4 Ísbúð á Kársnesi

Á Kársnesinu eru tækifæri fyrir verslun og þjónustu, eins og til dæmis ísbúð. Bærinn getur stutt við það með samtali við áhugasama aðila.

### 5 Fjölga íþróttatímum eða lengja þá

Nemendur fá 3 íþróttatíma á viku, þar með talið sund, og skólar geta boðið fleiri íþróttatíma í vali. Menntasvið Kópavogsbæjar mun skoða hvort hægt sé að auka framboð á hreyfingu á skólatíma.

### 6 Halda hátíð eins og Skrekk í Kópavogi

Hátíð í Kópavogi er spennandi hugmynd sem verður unnin í samstarfi við grunnskóla, félagsmiðstöðvar, ungmennaráð og börn í Kópavogi á árinu 2026.

Skjal sótt af '000000000000' dags. 12.11.2026

Kópavogsbær

Barnvæn sveitarfélög

unicef fyrir öll börn

# SVÖR VIÐ TILLÖGUM FRÁ

## Ungmennaþingi Kópavogs 2025



### 1 Fleiri opnanir í félagsmið-stöðvum (fleiri kvöldopnanir og auka miðstigsstarf)

Undirbúningur er hafinn við að auka miðstigsstarf og föstudagsopnanir fyrir unglingastig í félagsmiðstöðvum Kópavogs.

### 2 Hækka frístundastyrk Kópavogs

Frístundastyrkurinn hækkar úr 64.000 kr í 70.000 kr. frá 1. janúar 2026.

### 3 Fartölvur á unglingastig í grunnskóla

Spjaldtölvur eru áfram notaðar í grunnskólum Kópavogs. Nemendur í 10. bekk hafa nú lyklaborð með spjaldtölvunum sínum og aðrir nemendur geta fengið laus lyklaborð þegar þeir þurfa. Menntasvið Kópavogs mun skoða þessa tillögu nánar.

### 4 Meira samræmi á einkunnagjöf í grunnskólum Kópavogs

Allir grunnskólar í Kópavogi nota nú samræmdan matskvarða (A-D) svo einkunnir séu skýrari og sanngjarnari fyrir alla nemendur.



### 5 Tryggja að íþróttafélög og tómstundastarf taki meðvitað á móti fjölbreyttum hópum.

Kópavogsbær styður íþróttafélög í að taka vel á móti öllum börnum. Unnið er að því að gera íþrótta-og tómstundastarf (skátar, tónlistarnám, myndlistarnám o.fl.) aðgengilegt fyrir öll börn og að aðstaða taki mið af fjölbreyttum hópum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Kópavogsbær

Barnvæn sveitarfélög

unicef fyrir öll börn